

Magnús Kjartansson á nokkur málverk á sýningunni og einnig á hann skúlptúr sem hann kallar „Áhyggjur“.

Eignapjónustan



FASTEIGNA- OG SKIPASALA
HVERFISGÖTU 98

(horni Barónstígs)

Sími 26650, 27380

Opið í dag og á morgun frá kl. 1-4.
3ja herb.

Njálsgata. Rúmg. íb. Sérinnng. og allt sér. verð: tilboð.

Furugrund. Ca. 95 fm alveg skínandi íb. á 2. hæð. Verð 1900-2000 þús.

Engihjalli. Stór og góð íb. á 6. hæð. Laus strax.

Hrísmói Gbæ. Mjög stór íb. á 1. hæð í glæsilegri blokk. Tilb. u. trév. Ótal greiðslumögul.

Öldugata. Ca. 85 fm 3ja herb. nýstandsett íb. á 3. hæð. Verð 1700 þús.

4ra — Furugrund

Stórglæsileg 4ra herb. íb. á 1. hæð. Suðursv. Ný teppi. Herb. í kj. með aðgangi að snyrtingu. Verð 2,5 millj.

5 herb. - sérhæðir

Í Hlíðunum. Stór og góð neðri sérhæð í þríbýli. Bílskúrs. Nánari uppl. á skrifst.

Tjarnarból. 130 fm stórglæsileg íb. á 4. hæð. Verð 2,4-2,5 millj.

Kaplaskjólsvetur. 5-6 herb. ca. 140 fm endaíbúð. Verð 2,3 millj.

Einbýli - raðhús

Kleifarsel. Ca. 230 fm glæsilegt raðhús ásamt bílskúr.

Miðvangur. Glæsilegt 5-6 herb. einbýlish. á einni hæð ásamt 54 fm tvöf. bílsk. Ákv. sala. Verð 4,7 millj.

Mosfellssveit. Nýtt ca. 145 fm einb. hús. Uppl. á skrifst.

Kambasel. Ca. 230 fm glæsil. raðhús ásamt bílsk. Skipti á minni íb. Verð 4 millj.

Í byggingu

Í Grafarvogi. Endaraðhús á 2 hæðum ásamt bílsk. Mjög stórar sólsvalir þar sem gert er ráð fyrir stóru garðhúsi. Afh. fókheilt eða lengra komið eftir ósk kaupanda. Teikn. á skrifst.

Vantar

Fyrir fjársterkan kaupanda 2ja herb. íb. í Rvík.

Skodum og verðmetum samdægurs

Lögm.: Högni Jónsson hdl.

29555

Opið kl. 1-3

2ja herb.

Hafnarfjörður. vorum að fá í sölu 65 fm íbúð, alla nýstandsetta. Nýtt gler í gluggum. Mögul. að taka bíl uppí hluta kaupverðs.

Hraunbær. 65 fm vönduð íb. á 3. hæð. Verð 1400-1450 þús.

3ja herb.

Hólmgarður. Vorum að fá í sölu 80 fm íb. á 1. hæð í nýju húsi. Suðursv. Glæsileg eign. Verð 2-2,1 millj.

Engihjalli. 90 fm íb. á 2. hæð. Verð 1750-1800 þús.

Hraunbær. 3ja herb. 100 fm íb. á 1. hæð ásamt rúmg. aukaherb. á jarðhæð. Mjög vönduð sameign. Verð 1900-1950 þús.

Kleppsvetur. 3ja herb. á 1. hæð. Verð 1750 þús.

4ra herb. og stærri

Goðheimar. Góð sérhæð ca. 155 fm á 1. hæð. 3-4 svefnherb., góð stofa, stórt eldhús með góðum borðkr. Verð 3,4 millj. Skipti mögul. á góðri 4ra-5 herb. íb.

Bugðulækur. Góð 4ra-5 herb. íb. á 3. hæð ca. 110 fm. 3-4 svefnherb., góð stofa. Verð 2,2 millj.

Vesturbær. 117 fm íb. á 1. hæð sem þarfnast standsetn. Möguleg skipti á minni eign.

Æsufell. 120 fm íb. í lyftublokk. Mögul. skipti á 2ja herb. íb. Hugsanlegt að taka bíl að auki.

Leirubakki. 110 fm íbúð á 3. hæð. Sér þvottahús í íbúðinni. Möguleg skipti á 2ja herb. íbúð.

Kóngsbakki. 4ra herb. 110 fm íb. á 2. hæð. Vönduð eign. Verð 2 millj.

Mávahlíð. 4ra herb. 117 fm mikið endurn. íb. í fjór. húsi. Verð 1950 þús. Mögul. skipti á minni eign.

Dalsel. 4ra herb. 110 fm íb. á 2. hæð. Íbúðin skiptist í 3 rúmg. svefnh., sjónv. hel og rúmg. stofu. Þv. hús og þúr innaf eldh. Bílskúli. Mögul. að taka minni eign uppí hluta kaupverðs.

Raðhús og einbýli

Álftamýri. Vorum að fá í sölu vandað 190 fm raðhús á tveimur hæðum. Verð 5 millj.

Rauðagerði. Vorum að fá í sölu 180 fm hús á 3 hæðum ásamt 45 fm bílsk. Mjög snyrtil. íóð með gróðurhúsi. Verð 2,5 millj.

Hryggjarsel. Fallett raðhús ca. 230 fm. Á 1. hæð eru tvær stofur, eldhús, þvottaherb. og gestasn. Á efri hæð eru 4 stór svefnherb. og gott bað. Í kj. er fullbúin 60 fm einstakl. íb. Stór tvöf. bílskúr. Verð 4,3 millj.

Fasteignasalan

EIGNANAUST

Bólstaðarhlíð 6, 105 Reykjavík.
Símar 29555 — 29558.

Hrólfur Hjaltason, viðskiptafræðingur.

Félag íslenskra myndlistarmanna opnar vorsýningu á Kjarvalsstöðum

FÉLAG íslenskra myndlistarmanna heldur sína árlegu sýningu á Kjarvalsstöðum frá 13. apríl til 5. maí. Sýningin er opin daglega frá kl. 14.00 til 22.00.

Á sýningunni sýna 30 félagar úr FÍM, en þar af hafa fimm myndlistarmenn verið valdir í svokallaðan kjarna, sem gerir þeim kleift að sýna fleiri myndir en aðrir á sýningunni og einnig eru þeim gerð betri skil í sýningarskránni en öðrum.

Á sýningunni eru 111 verk, þar af er fimm-manna kjarninn með 39 verk samtals. Jóhanna Þórðardóttir, formaður sýningarnefndar, sagði í samtali við Mbl. að í ár hefði verið ákveðið að hafa sýninguna eingöngu opna fyrir félagsmenn. „Við ákváðum að láta reyna á styrk félagsins. Árlegu sýningarnar fram til þessa hafa þróaðast í þá átt að vera vettvangur fyrir utanfélagsmenn og hafa þeir oft verið fleiri að tölu en félagsmenn. Sýningar félagsins undan-

farin ár hafa alltaf verið á haustin, en nú ákváðum við að breyta til og hafa vorsýningu.“

Þeir fimm myndlistarmenn er boðið var að mynda kjarnann eru: Jóhanna Briem, Magnús Kjartansson, Valgerður Bergsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir og Sigurður Sigurðsson.


Jóhanna sagði að sýningin væri þriðja kjarna-sýningin sem haldin er og hefur það gefist mjög vel. „Það eru yfir 100 félagsmenn í FÍM og er skemmtilegt að draga út nokkra einstaklinga og kynna þá vel, og gera þeim kleift að njóta sín betur en ella.“

Jóhanna sagði að 17 félagsmenn hefðu sett upp sýningu í Færeyjum sl. október og á dagskrá er í júlí nk. að sex myndlistarmenn setji upp sýningu í Austur-Þýskalandi.

Valgerður Bergsdóttir, myndlistarmaður, er með nýu myndir á sýningunni og kallar hún þær allar „Skuggar“. „Þetta eru allt

teikningar unnar með grafit og hef ég unnið þær allar á þessu ári. Ég vinn mikið myndir í hópum — ein mynd leiðir af annarri. Það er engin algild lausn á mynd — hægt er að taka sömu hugmyndina og snúa henni á hundrað vegu,“ sagði Valgerður. Hún sagðist eingöngu vinna með svart og hvítt. „Það eru öll þau blæbrigði sem ég þarf — frá því hjartasta til hins svartasta.“

Magnús Kjartansson er bæði með málverk og skúlptúr á sýningunni. „Ég sýni myndir undir gleri, unnar á pappir með alls kyns ljósnæmum efnum. Skúlptúrinn er gerður úr steinleir og vann ég hann á verkstæði konu minnar í Búðardal. Skúlptúrinn er átta lóð, sem saman mynda orðið „Áhyggjur“. Lóðin og heitið eiga að tákna allar áhyggjurnar sem hvíla á þjóðinni og er verkið tileinkað ríkisstjórninni,“ sagði Magnús að lokum.



Valgerður Bergsdóttir við verk sín „Skugga“.

Myndhöggvarafélagið í Reykjavík opnar sýningu

Myndhöggvarafélagið í Reykjavík opnar úti- og innisýningu á skúlptúr á Kjarvalsstöðum laugardaginn 13. apríl kl. 14.00.

Á sýningunni verða 47 verk eftir 20 listamenn. Ellefu verkanna eru úti og 36 þeirra eru í vestursal Kjarvalsstaða. Sýningin verður opin daglega frá klukkan 14.00 til 22.00 og henni lýkur 5. maí.

Ragnar Kjartansson, blaðafulltrúi sýningarnefndar, sagði

að sýningin væri einkonar úttekt á stöðu höggmyndalistarinnar í dag. „Sýningarnar fram til þessa hjá okkur hafa verið mjög frjálsar og engin dómnefnd hefur verið hjá okkur til að velja og hafna verkum. En nú má hins vegar segja að við séum komnir með spariandlit, vonandi. Sérstök sýningarnefnd hefur valið öll verkin á þessa sýningu.“

Ragnar sagði einnig að flestir myndhöggvarar sem starfandi

eru hér á landi væru í vinnu annars staðar og því væri myndhögggið einkonar aukabúgrein.

Myndhöggvarafélagið í Reykjavík var stofnað formlega 1972, en varð til 1967, þegar haldnar voru fimm sýningar á skólavörðuholti og 2 sýningar á Lækjartorgi. Síðan hafa verið haldnar 18 sýningar, þar af 5 úti á landi og 2 erlendis — í Noregi og á Álandseyjum.



Jón Gunnar Árnason og Ragnar Kjartansson og nokkur þeirra verka sem verða á sýningu Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík.

Hugheilar þakkir flyt ég öllum þeim sem sýndu mér vinsemd og virðingu í tilefni af 50 ára klausturafmæli mínu 17. mars sl.

Systir Hildegard.